

# Fjárhagsáætlun 2023

## Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 14. desember 2022

Fjárhagsáætlun Skagafjarðar fyrir árið 2023 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2024-2026. Vakin er athygli á að þetta er fyrsta fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði sem samin er frá grunni af kjörnum fulltrúum sameinaðs sveitarfélags en fjárhagsáætlun sem samþykkt var í sumar var sambrædd fjárhagsáætlun Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, að stofni til frá desember 2021.

Fjárhagsáætlun þessi er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf. og Eyvindarstaðarheiði ehf, auk hlutdeildarfélaganna sem koma inn í reikningskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Norðurá bs. og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið, stofnanir og hlutdeildarfélög þess. Forsendur þessarar fjárhagsáætlunar er líkt og liðin ár að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.


Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar jákvæðri afkomu upp á 60 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 712 m.kr., á meðan A-hluti er áætlaður með rekstrarhalla upp á 103 m.kr. en veltufé frá rekstri upp á 342 m.kr.

Rekstur sveitarfélagsins hefur verið krefjandi á liðnum misserum vegna m.a. áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Sem kunnugt er varð Sveitarfélagið Skagafjörður við hvatningu ríkisins um að ráðast í auknar fjárfestingar á árinu 2021 en Alþingi tryggði sveitarfélögum landsins svigrúm til að ráðast í slíkar fjárfestingar og mæta aðsteðjandi vanda í rekstri vegna þeirra áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á íslenskt efnahagslíf. Þannig var sveitarfélögum, með lagabreytingu á síðasta ári, veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Við berum þó ábyrgð á að gæta áfram aðhalds í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og nýta tækifæri til hagræðinga eftir því sem kostur gefst. Rétt er að minna á að þegar fjármálareglurnar taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar þess árs taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026. Skuldareglan tekur mið af skuldum og skuldbindingum í lok árs 2026 og sveitarfélögin þurfa einnig að hafa hliðsjón af ákvæðum samkomulags við ríkið um að stöðva hækkun skulda eftir þann tíma.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf við undirbúning fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni.

Haldinn var rafrænn íbúafundur um fjárhagsáætlun að lokinni fyrri umræðu í sveitarstjórn þar sem áætlunin var kynnt, helstu áskoranir í vinnunni og þær hugmyndir sem þá höfðu verið

ræddar í byggðarráði og nefndum um stærstu nýframkvæmdir auk viðhaldsverkefna framundan. Samráð við íbúa er mikilvægt og hjálpar okkur öllum við að móta áherslur fjárhagsáætlunar hverju sinni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er sem fyrr segir gert ráð jákvæðri afkomu á rekstri samstæðunnar á meðan A-hluti sveitarsjóðs verður rekinn með halla. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að halli verði á samstæðunni árið 2023 en afgangur verði á rekstri hennar á árunum 2024-2025.



Þá er gert ráð fyrir að rekstur A-hluta batni jafnt og þétt á næstu árum og að jákvæðri niðurstöðu verði náð strax á árinu 2024. Mikilvægt er að ná slíkum viðsnúningi í rekstri sem fyrst því það á að vera markmið hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð. Stór óvissupáttur í rekstri A-hlutans á liðnum árum hefur verið fjármögnun ríkisins á málaflokki fatlaðs fólks en ef málaflokkurinn væri fjármagnaður eins og á að vera væri A-hlutinn með jákvæðri niðurstöðu þegar á árinu 2023.

## Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Skagafjarðar 2023 og þriggja ára áætlunar 2024-2026 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní sl. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2023 verði **5,4%** og að launavísitala hækki um **5,5%**.

Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2022. Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2023 en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir því að atvinnuleysi lækki hóflega áfram yfir landið allt eða úr 3,8% á árinu 2022 og niður í 3,7% árið 2023. Atvinnuleysi er þó að ganga hraðar niður frá því sem fyrri þjóðhagsspár sögðu til um. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2023 verði óbreytt á milli ára, þ.e. **14,52%** af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um

tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Miðað er við að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Fasteignaskattsprósentur breytast ekki á milli ára en prósentu A-skatts var lækkuð nokkuð á árinu 2021.

Gert er ráð fyrir 7,7% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins á árinu 2023, líkt og íslenska ríkið gerir í sínum fjárlögum. Undantekningin er þó sú að leikskólagjöld hækka minna eða um 6% og að sorpgjöld hækka talsvert meira í kjölfar gildistöku laga um hringrásarhagkerfið 1. janúar nk.

## Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2022-2026

	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	4,3	2,6	2,4	2,8	2,8
Samneysla	1,3	1,5	1,3	0,8	0,7
Fjármunamyndun	4,6	0,9	1,9	1,9	2,8
Atvinnuvegafjárfesting	5,5	-2,5	2,3	0,6	3,6
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	6,3	10,3	4,3	3,5	3,0
Fjárfesting hins opinbera	-0,7	-1,1	-3,4	3,4	-0,1
<b>Þjóðarútgjöld, alls</b>	<b>4,0</b>	<b>2,0</b>	<b>2,0</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>
Útflutningur vöru og þjónustu	17,6	6,3	3,9	2,9	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	14,3	4,1	3,3	2,0	2,1
<b>Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)</b>	<b>5,1</b>	<b>2,9</b>	<b>2,2</b>	<b>2,5</b>	<b>2,4</b>
<b>Atvinnuleysi, % af vinnuafli</b>	<b>3,8</b>	<b>3,7</b>	<b>3,8</b>	<b>3,9</b>	<b>3,9</b>
<b>Vísitala neysluverðs (verðbólga)</b>	<b>7,5</b>	<b>4,9</b>	<b>3,3</b>	<b>2,6</b>	<b>2,5</b>
Kaupmáttur launa	0,3	0,6	0,9	1,6	1,6
<b>Launavísitala</b>	<b>7,8</b>	<b>5,5</b>	<b>4,2</b>	<b>4,2</b>	<b>4,1</b>

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

Heimild: Hagstofa Íslands

## Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011


Ein meginforsenda fjárhagaáætlana sveitarfélaga er að þær skuli unnar með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Sem fyrr segir var þessum ákvæðum þó tímabundið vikið til hliðar til og með ársins 2025 sem hluti af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Hjá Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 119,26% á árinu 2023. Þegarúið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 96,06%. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall og skuldaviðmið lækki áfram á komandi árum eftir miklar fjárfestingar sem urðu á árinu 2021 og gríðarlegar hækkanir á lífeyrisskuldbindingum sem urðu við breyttar forsendur útreiknings á þeim og birtust okkur í ársreikningi sama árs.

Tekjur:	A- og B-hluti				
	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2022	2023	2024	2025	2026
Skatttekjur	3.446.763	3.715.749	3.866.204	4.018.635	4.191.889
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.889.169	2.055.111	2.022.004	2.062.444	2.124.317
Aðrar tekjur	1.718.397	1.909.072	1.965.422	2.016.523	2.066.936
Heildartekjur	7.054.329	7.679.932	7.853.630	8.097.602	8.383.142
<b>Skuldir og skuldbindingar:</b>					
Skuldir og skuldbindingar	9.422.572	9.541.664	9.564.488	9.563.782	9.525.542
Lífeyrisskuldbinding	1.709.247	1.799.434	1.703.087	1.605.930	1.509.293
<b>Skuldahlutfall:</b>	127,78%	119,26%	116,90%	113,40%	109,14%
<b>Skuldaviðmið:</b>	100,72%	96,06%	93,80%	90,26%	86,30%



# Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023

## Rekstur:

Áætlun ársins 2023 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Skagafjarðar nemi **7.680 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **6.723 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **6.677 m.kr.**, þar af A-hluti **6.454 m.kr.** Rekstrarhagnaður (EBITDA) A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **817 m.kr.** eða 10,6%. Afskriftir nema **278 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **464 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **60 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **435 m.kr.** Afskriftir nema **165 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **372 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **103 m.kr.**

## Efnahagur:

Eignir Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2023, **13.040 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **8.807 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **9.542 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **8.608 m.kr.** Eigið fé er áætlað **3.498 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall **26,83%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.199 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **12,22%**. Ný lántaka er áætluð **500 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða **789 m.kr.** Skuldir verða því greiddar niður um **289 m.kr.** umfram lántöku á árinu 2023 sem er hlutfallslega hærra hlutfall en gert hefur verið á liðnum árum. Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.799 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.642 m.kr.** hjá A-hluta.

## Sjóðsstreymisfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði **342 m.kr.** og frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði það **712 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **377 m.kr.**


Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2023 fyrir **1.200 m.kr.** brúttó eða **662 m.kr.** nettó ef frá eru talin framlög frá ríki vegna hlutdeildar í hafnarframkvæmdum, Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð vegna hönnunar og framkvæmda við skólamannvirki í Varmahlíð, og Kaupfélagi Skagfirðinga vegna framlaga til samfélagslegra verkefna. Er um að ræða nær óbreytta heildarfjárfestingu á milli ára brúttó en lítilsháttar aukningu nettó. Stærsta einstaka fjárfestingaverkefnið á næsta ári er framhald framkvæmda við Sundlaug Sauðárkróks, en aðrar stórar fjárfestingar eru fyrirhugaðar framkvæmdir við skólamannvirki í Varmahlíð, lagfæringar á eldri hluta Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi, miklar gatnagerðarframkvæmdir en þar eru stórir áfangar á Sauðárkróki og í Varmahlíð, miklar framkvæmdir við hafnirnar á Sauðárkróki og Hofsósi og framhald fjárfestinga við nýja stofnlögn hitaveitu á milli Langhúsa og Róðhóls.

Með þessum miklu fjárfestingum á árinu 2023 er horft til styrkingar innviða samfélagsins þannig að stuðlað verði að áframhaldandi eflingu þess og fjölgun íbúa.

## Þróun tekna:


Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkanir að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Aðrar skatttekjur hafa aftur á móti heldur lagast m.t.t. þessa þáttar.

## Skatttekjur 2011–2023



\* Tölur fyrir árið 2022 og 2023 gilda fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

## Framlög Jöfnunarsj. 2011–2023 (án framl. vegna mál. fatlaðs fólks og sameiningarframl.)



\* Tölur fyrir árið 2022 og 2023 gilda fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði.

## Almenn útgjöld

### Launakostnaður

Launakostnaður er áætlaður samtals **4.455 m.kr.** á árinu 2023 og er það 5,9% hækkun frá áætlun ársins 2022 fyrir sameinað sveitarfélag í Skagafirði, með viðaukum.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **77 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **90 m.kr.** frá árinu 2022, þ.e. áætlun fyrir sameinað sveitarfélag með viðaukum.

### Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín langstærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín hlutfallslega eilítið lægra hlutfall á árinu 2023 en á yfirstandandi ári eða 47,1% á móti 47,3% árið 2022. Þá var hlutfallið 48,6% í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þetta hlutfall var þó talsvert lægra árin 2019 og 2020 eins og sjá má í töflu hér á eftir sem sýnir þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum. Jafnframt ber að hafa í huga að frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samiburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Einnig er rétt að hafa í huga að hlutfallsprósentan breytist eftir því hvort aðalsjóður skilar afgangi eða er rekinn í halla.

Næststærsti málflokkurinn er félagsmál sem taka til sín 20,3% af skatttekjum á móti 21% árið 2022. Hafa ber í huga að Akrahreppur var með almenna félagsþjónustu á sinni könnu fyrir sameiningu sveitarfélaganna í Skagafirði og því náði samstarfssamningur gömlu sveitarfélaganna ekki til þess málaflokks. Hlutfall þriðja stærsta málaflokksins, æskulýðs- og íþróttamála, er lítið breyttur á milli ára, fer úr 11,7% í 11,1%.

Rétt er að ítreka þá veigamiklu breytingu sem er framundan með gildistöku nýrra laga um hringrásarhagkerfið sem gerir okkur skylt að innleiða söfnun á fjórum úrgangsflokkum við hvert heimili í þéttbýli. Sú breyting verður einnig innleidd í Skagafirði en mun ná til héraðsins alls þar sem niðurstaða skoðanakönnunar í dreifbýli í Skagafirði leiddi í ljós þá eindregnu skoðun íbúa að taka upp sambærilegt kerfi í dreifbýlinu. Í kjölfar útboðs fyrr á árinu mun á vordögum taka gildi nýr samningur um rekstur sorphirðu í Skagafirði og verður þá innleitt nýtt fjögurra flokka kerfi. Jafnframt verða innleidd lagaákvæði mengunarbótareglunnar þar sem hver og einn borgar fyrir það sem hann hendir frá sér (borgað þegar hent er). Sveitarfélög landsins vinna nú að því hörðum höndum að innleiða nýju lög.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk haldi áfram. Í samstarfinu felst að Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Þetta þýðir að allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarsstofni sveitarfélaga á svæðinu, renna til Skagafjarðar. Því miður er fjarri því að gert sé ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur

leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka. Er staða málefna fatlaðs fólks grafalvarleg á landsvísu og ljóst að styrkja þarf tekjustofna þar verulega eigi ekki illa að fara í rekstri margra sveitarfélaga.

Rekstur málaflokka					
<b>Aðalsjóður:</b>					
Skatttekjur	-5.770.860			<b>-5.770.860</b>	
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Félagsþjónusta	-240.729	953.842	459.641	<b>1.172.754</b>	20,3%
Heilbrigðismál			11.333	<b>11.333</b>	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	-245.291	2.071.181	889.868	<b>2.715.758</b>	47,1%
Menningarmál	-114.965	159.021	172.682	<b>216.737</b>	3,8%
Æskulýðs- og íþróttamál	-150.499	310.893	478.391	<b>638.786</b>	11,1%
Brunamál og almannavarnir	-55.063	126.306	53.619	<b>124.862</b>	2,2%
Hreinlætismál	-204.558		226.337	<b>21.779</b>	0,4%
Skipulags- og byggingamál	-17.900	58.694	55.039	<b>95.833</b>	1,7%
Umferðar- og samgöngumál		970	180.309	<b>181.279</b>	3,1%
Umhverfismál	-14.516	58.889	88.992	<b>133.364</b>	2,3%
Atvinnumál	-15.563	48.213	96.063	<b>128.713</b>	2,2%
Sameiginlegur kostnaður	-36.965	235.133	166.303	<b>364.471</b>	6,3%
Lífeyrisskuldbinding		82.001		<b>82.001</b>	1,4%
Óvenjurlegir liðir				<b>0</b>	0,0%
Fjármagnsliðir			-31.986	<b>-31.986</b>	-0,6%
	<b>-6.866.909</b>	<b>4.105.144</b>	<b>2.846.591</b>	<b>84.825</b>	
<b>Aðrir sjóðir í A-hluta:</b>					
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Eignasjóður	-1.012.949	99.425	931.558	<b>18.033</b>	
Millifærslur	1.156.882		-1.156.882		
	<b>143.933</b>	<b>99.425</b>	<b>-225.324</b>	<b>18.033</b>	
<b>Sveitarsjóður A-hluti</b>	<b>-6.722.976</b>	<b>4.204.569</b>	<b>2.621.266</b>	<b>102.859</b>	
<b>Sjóðir í B-hluta</b>					
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Félagsíbúðir Skagafjarðar	-89.184		79.504	<b>-9.680</b>	
Fráveita	-131.483	15.117	45.192	<b>-71.173</b>	
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-187.988	78.529	75.748	<b>-33.711</b>	
Tímatákn ehf.	-7.803		6.491	<b>-1.312</b>	
Hitaveita	-540.959	155.797	365.822	<b>-19.341</b>	
Vatnsveita	-119.629	1.265	82.099	<b>-36.265</b>	
Sjóveita	-1.169		3.118	<b>1.949</b>	
Eyvindarstaðaheiði ehf	-2.733		1.537	<b>-1.196</b>	
Flokka ehf.	-13.221		6.840	<b>-6.382</b>	
Hlutdeildarfélag	-320.885	139.421	195.689	<b>14.226</b>	
Millifærslur	137.214		-137.214		
<b>Samtals B-hluti</b>	<b>-1.277.840</b>	<b>390.129</b>	<b>724.826</b>	<b>-162.885</b>	
<b>Samantekið A + B hluti</b>	<b>-8.000.817</b>	<b>4.594.698</b>	<b>3.346.092</b>	<b>-60.027</b>	



## Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Félagsmál	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%	16,9%	18,8%	19,1%	20,0%	21,1%	21,0%	20,3%
Heilbr.mál	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fræðslumál	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%	50,9%	47,3%	44,3%	43,1%	48,6%	47,3%	47,1%
Menn.mál	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%	4,6%	4,3%	4,2%	4,1%	4,4%	4,0%	3,8%
Æskul og íþrm	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%	9,9%	9,5%	9,4%	9,6%	11,0%	11,7%	11,1%
Brunamál	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%	1,9%	1,9%	2,0%	2,0%	2,2%	2,2%	2,2%
Hreinl.mál	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%	1,1%	1,1%	1,2%	1,1%	1,0%	0,5%	0,4%
Skipul.mál	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%	1,6%	1,7%	1,6%	1,8%	1,5%	1,7%	1,7%
Umf. og samg.mál	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%	2,6%	2,7%	2,6%	2,6%	3,0%	3,2%	3,1%
Umhv.mál	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%	2,3%	2,1%	1,9%	1,9%	2,2%	2,4%	2,3%
Atvinnumál	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%	2,0%	2,0%	2,2%	2,5%	2,2%	2,1%	2,2%
Sam.kostnaður	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%	6,3%	6,5%	6,3%	6,4%	6,5%	6,7%	6,3%

\* Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Þá sameinuðust sveitarfélögin tvö í Skagafirði á árinu 2022 sem rétt er að hafa í huga varðandi samanburð á milli ára.

## Fjárfestingar og framkvæmdir:

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2023 fyrir **1.200 m.kr.** Ef dregin eru frá mótframlög frá ýmsum aðilum svo sem að framan segir, nemur nettó fjárhæð til fjárfestinga á árinu 2023 **606 m.kr.** Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt eða fjárfest verði hjá eignasjóði fyrir **469 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **70 m.kr.**, fráveitu fyrir **42 m.kr.**, vatnsveitu fyrir **17 m.kr.** og hjá hitaveitu fyrir **7 m.kr.** Fjárfesting hitaveitu er þó 95 m.kr. brúttó en veglegt framlag kemur frá ríkissjóði til fjárfestinga í stofnlögn á milli Langhúsa og Róðhóls sem er forsenda enn frekari stækkunar á dreifikerfi hitaveitu austan Vatna. Gert er ráð fyrir sölu eigna að upphæð **35 m.kr.** Þá nema fjárfestingar hlutdeildarfélag, sem allar eru hjá Norðurá bs., **56 m.kr.**

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	469.100
Fráveita	42.000
Hitaveita	7.400
Vatnsveita	17.300
Hafnarsjóður	69.700
Hlutdeildarfélag	55.680
<b>Fjárfestingar og framkvæmdir alls</b>	<b>661.180</b>

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **140 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs sem er um 16 m.kr. hærrí fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

Að lokum er rétt að nefna það að íbúapróun hefur verið sveitarfélaginu hagfelld á undanförunum árum og má í þeim efnum geta fréttar á heimasíðu Þjóðskrár Íslands frá 5. desember sl. Þar kemur fram að íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um 82 undanfarin 3 ár.

Gleðilegt er einnig að vita til þess að frá 1. janúar 2017 til 1. janúar 2022 fjölgaði íbúum í öllum póstnúmerum í Skagafirði, hvort sem um var að ræða í dreifbýli eða þéttbýli. Þótt aðeins hafi hægt á fjölgun á árinu sem nú er að líða bendir eftirspurn eftir lóðum til að enn séu tækifæri til áframhaldandi vaxtar og er það trú mín að jákvæð íbúapróun verði áfram beri okkur gæfa til að vinna áfram að skynsamlegri uppbyggingu innviða samfélagsins.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, auk sveitarstjórnar, kærar þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 14. desember 2022

Sigfús Ingi Sigfússon,  
sveitarstjóri